

að kippa virnum upp af festi-„pollanum“ á bryggjunni. Verður því að telja skipverja eiga sök á þessu tjóni, og þar sem fyrrgreindri matsgerð hefur ekki verið hnekkt, verður þessi kröfuliður einnig tekinn til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1587.00 + kr. 1199.66, eða samtals kr. 2786.66, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 15. janúar 1944, til greiðsludags, svo og málskostnað (þar með talinn matskostnað), sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Í dóminum áttu sæti þeir Árni Tryggvason, settur borgardómari, og meðdómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson útgerðarmaður og Jón Axel Pétursson hafnsögumaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Skipaúngerð ríkisins, greiði stefnanda, hreppsfélag Flateyrarhrepps f. h. Flateyrarhrepps, kr. 2786.66 með 5% ársvöxtum frá 15. janúar 1944 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. október 1946.

Nr. 80/1943. Ásgeir Kristjánsson (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Kaupfélagi Þingeyinga og gagnsök
(Hrl. Gunnar Möller).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um samskipti samvinnufélags við félagsmenn.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Júlíus Havsteen, sýslumaður Þingeyjarsýslu.

Aðaláfrýjandi, sem hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. sept. 1943, krefst þess, aðallega að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 7500.00, en til vara kr. 1500.00. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. marz 1944 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjandi bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi, sem er félagsmaður í Kaupfélagi Þingeyinga, átti samkvæmt 4. tl. 3. gr. laga nr. 46/1937 og 1. málslíð 1. mgr. 23. gr. samþykktu kaupfélagsins rétt til fullnaðarverðs fyrir vöru þá, sem hann lagði inn í kaupfélagið og í máli þessu greinir. Hann varð ekki með ályktun aðalfundar sviptur þessum rétti, og ekki hefur hann glatað honum fyrir vangeymslu. Ber því að taka aðalkröfu hans til greina og dæma gagnáfrýjanda til að greiða honum kr. 7500.00.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda samtals kr. 2500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Kaupfélag Þingeyinga, greiði aðaláfrýjanda, Ásgeiri Kristjánssyni, kr. 7500.00 og samtals kr. 2500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Þingeyjarsýslu 23. júlí 1943.

Mál það, sem hér liggur fyrir og dómtekið var 10. maí síðastliðinn, er, að undangengnum árangurslausum sáttaumleitunum, höfðað af útgerðarmanni Ásgeiri Kristjánssyni í Húsavík fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu með stefnu, dags. 24. okt. 1941, gegn framkvæmdarstjóra og stjórn Kaupfélags Þingeyinga í Húsavík f. h. Kaupfélags Þingeyinga til greiðslu á uppbótum á innlögðum fiski til hraðfrystingar af vélbátum „Einari Hjaltasyni“ á árunum 1937—1940, kr. 3500.00, og uppbót á innlagðri sild til söltunar af sama bát árið 1939, kr. 4000.00, eða samtals f. kr. 7500.00, svo og til greiðslu málskostnaðar eftir réttarins mati.

Tildrög málsins eru þessi:

Árið 1937 hóf Kaupfélag Þingeyinga þá starfsemi að hraðfrysta fisk til útflutnings og hélt henni áfram til ársins 1942 a. m. k. Á árunum 1937—1940 var lagður inn fiskur til hraðfrystingar við frystihús kaupfélagsins af eigendum og útgerðarmönnum vélbátsins „Einars Hjaltasonar“ frá Húsavík, en sækjandi máls þessa, Ás-

geir Kristjánsson, er einn þeirra og var jafnframt þessi árin og mun enn vera félagsmaður í Kaupfélagi Þingeyinga.

Um verðið á fiskinum til innleggs voru engir sérstakir samningar gerðir við sjómenn í Húsavík, en auglýst var á sérstökum miðum, sem festir voru upp sumrin 1937 og 1938 á frystihúsdyrnum, þar sem fiskinum var veitt móttaka, en hin árin yfir skriftarborði í flökunarklefa frystihússins, þar sem út voru gefnar nótur fyrir hinn innlagðra fisk, og í eitt skipti á skúr, sem áfastur er við aðalfiskhús kaupfélagsins, að frystihúsrekstur Kaupfélags Þingeyinga keypti fisk og kola tilteknu verði, og var verð þetta hið sama og Fiskimálanefnd hafði í hvert sinn ákveðið.

Árið 1939 tók eða keypti Kaupfélag Þingeyinga sild til söltunar, og var þá lögð inn sild af vélbátnum „Einari Hjaltasyni“, en hvorki er það upplýst, að kaupfélagið hafi gert sérstaka samniga um sildarverðið, né að það hafi auglýst verð, sem gefið var fyrir sildina.

Þegar fram var lagður eða félagsmönnum birtur rekstrarreikningur kaupfélagsins fyrir árið 1940, komu m. a. fram á honum tekjur af hraðfrystingunni árið 1937—1940, kr. 22793.57, og tekjur af sildarsölu 1939, kr. 27184.41.

Litu nú eigendur og útgerðarmenn vélbátsins „Einars Hjaltasonar“ svo á, að þeim bæri sem félagsmönnum uppbót sú á innlögðum fiski til hraðfrystingar og innlagðri sild til söltunar fyrir framangreind ár, sem í máli þessu er krafist, og gerðist stefnandi, Ásgeir Kristjánsson, eigandi að allri uppbótarkröfunni, kr. 7500.00, sem stefnt er út af.

Kröfu sinni til stuðnings heldur sækjandi því fram, að þar sem eigendur vélbátsins „Einars Hjaltasonar“ hafi ávallt verið félagsmenn í Kaupfélagi Þingeyinga, beri þeim samkvæmt samvinnulöggjöfinni og samþykktum kaupfélagsins, sérstaklega 23. gr., tvi-mælalaus réttur til þess að fá uppbót á útborgað verð, ef vörurnar seldust hærra verði en í fyrstu var búizt við. Hið ákveðna verð, sem þeir hafa fengið, þegar afurðirnar voru innlagðar, hafi þeir aðeins skoðað sem bráðabirgðaverð, eins og venjulegt er og hefur verið að greiða fyrir afurðir þær, sem K. Þ. tók og tekur við af félagsmönnum sínum, en talið víst, að siðar yrði gert upp að fullu og þeir þá látnir endurgreiða, ef halli hefði orðið á sölu afurðanna, en fengið uppbót í hlutfalli við ágóða og innlegg.

Í þessu sambandi hefur sækjandi tekið fram, að vel megi vera, að kröfur sínar séu ekki reiknaðar nákvæmlega upp á eyri, en það komi til af því, að hvorki hafi framkvæmdarstjóri né stjórn kaupfélagsins látið sér í té upplýsingar um heildarinnlegg þessara tveggja vörutegunda, sem stefnt er út af, né heldur viljað ákveða uppbætur á innlegg nefnds vélbáts, og hafi sér því verið einn kostur nauðugur að ákveða og reikna út uppbætur, eins og hann

vissi þær réttastar samkvæmt upplýsingum, er hann um þær hafi aflað sér.

Þykir réttast að geta þess þegar á þessu stigi málsins, að sjálf-
ar tölur sækjanda hafa ekki verið af stefnda véfengdar.

Sækjandi tekur fram, að hann á ári hverju hafi orðið að gefa loforð til kaupfélagsins um fiskinnlegg, en síðan hafi stjórn félagsins eða framkvæmdarstjóri metið, hvað fiskmagnið lofaða myndi seljast, og lagt þá upphæð til grundvallar fyrir því, hversu mikið sækjandi mætti taka út. Sé þetta m. a. sönnun þess, að afurðir sínar hafi aldrei verið keyptar föstu verði.

Auglýsingarnar um verð á fiski, teknum til hraðfrystingar nefnd ár, segist sækjandi aldrei hafa séð og alls ekki hafa orðið var við það, að almennt væri svo litið á af sjómönnum í Húsavík, að K. Þ. keypti hin umgetnu ár fisk og kola föstu verði. Þessu til sönnunar hefur hann lagt fram vottorð, undirrituð af 40 útgerðar- og sjómönnum í Húsavík, og vísar jafnframt til framburða vitna þeirra, er hann hefur leitt í máli þessu, kröfum sínum og upplýsingum til sönnunar.

Stefndi í máli þessu hefur krafizt algerðrar sýknu af kröfum og kærnum sækjanda þessa máls bæði í framkominni aðalkröfu og varakröfu.

Aðalkröfu sína byggir stefndi á þeim forsendum, sem nú skal greina.

Með hraðfrystingunni á fiski til útflutnings hafi Kaupfélag Þingeyinga hafið starfsemi, sem var alger nýbreytni í félaginu, og því hafi félagsmenn verið tregir til þess að bera persónulega áhættuna við þessa tilraun. Hafi því verið ákveðið, að félagið keypti fiskinn föstu verði þannig, að félagsheildin bæri áhættuna og nyti þá líka arðsins, ef nokkur yrði.

Um sildina 1939 sé það að segja, að erfitt hafi verið að fá útgerðarmenn til þess að salta sild á Húsavík, nema þeim væri tryggt, að þeir gætu endanlega borið úr býtum það verð, sem greitt var almennt fyrir hrásild, en þetta var ósamrýmanlegt umboðssölufyrirkomulaginu, en þar sem félagsheildinni var hagsmunamál, að sildarútgerð væri rekin í Húsavík nefnt ár, hafi svo ráðizt, að K. Þ. hafi ákveðið að kaupa sild föstu verði, og sanni réttarskjal nr. 19 í máli þessu, að þetta hafi sildarútgerðarmönnum í félaginu verið kunnugt.

Aðallega sé þó sýknu krafizt sökum þess, að Kaupfélagi Þingeyinga var fyllilega heimilt að kaupa fisk til hraðfrystingar og sild til söltunar föstu verði af félagsmönnum sínum og að félagsmönnum hafi verið það ljóst eða mátt vera það ljóst, að K. Þ. keypti föstu verði árin 1937—1940. Það hafi um langt skeið verið viðskiptavenja í K. Þ. að kaupa ýmsar vörur föstu verði hjá félagsmönnum, svo sem skyr, fiður, rabarbara, rekavið, böggla-smjör o.

s. frv., og sé á þessum kaupum og því, að kaupa fisk og sild, enginn eðlismunur, þessu ráði aðalfundur í hvert sinn og hafi á aðalfundum hin nefndu ár verið gerð grein fyrir þessari verzlunar- aðferð.

Þá hafi það verið „notorískt“ eða á almannavitorði á Húsavík, eða meðal sjómanna þar, að K. Þ. keypti hin umræddu ár fisk og sild föstu verði. Þetta sanni fyrst og fremst hinar uppfestu auglýsingar, þar sem verðtaxti Fiskimálanefndar á hverjum tíma var látinn gilda, alveg eins og sildin var keypt sama verði og sildar- kaupendur almennt greiddu. Með því að auglýsa, að hraðfryst- ingin keypti fiskinn fyrir ákveðið verð og áskyldi sérstök skilyrði fyrir afhendingu hans og gæði, hafi K. Þ. gert útgerðarmönnum ákveðið kauptilboð og sögnin „að kaupa“ svo og að fiskinum skuli skilað á vigt, sýni glögg, „að hér voru tveir sjálfstæðir aðilar að kaupa og selja, en ekki umboðssali að veita vörum móttöku til sölumeðferðar.“

Þá sýni og vitnaleiðslurnar í máli þessu í sambandi við réttar- skjal nr. 18 í málinu, að sjómönnum hafi frá upphafi verið kunn- ugt um, að K. Þ. keypti hinar umræddu sjávarafurðir föstu verði, og komi þetta glögg fram í óánægju þeirri, sem sækjandi hefur lagt kapp á að sanna, að átt hafi sér stað meðal sjómanna, því hún hafi einmitt sprottið af því, að verðið var strax fast og óhagganlegt.

Loks hafi sækjanda persónulega verið það fullljóst, þar sem hann var meðal helztu útgerðarmanna á Húsavík, að K. Þ. greiddi fast verð fyrir hinar umræddu afurðir hans á nefndum árum, og megi í því sambandi sérstaklega minna á framkomu hans á fundi þeim, sem haldinn var á Húsavík 6. febr. 1941 af nefndum, kos- num úr öllum deildum K. Þ. í Húsavík, svo og úr Fiskifélagsdeild Húsavíkur og Verkamannafélagi Húsavíkur til þess að ræða og komast að niðurstöðu um frystihúsmál K. Þ. Bar sækjandi fram svo hljóðandi tillögu: „Fundurinn skorar eindregið á stjórn K. Þ. að gefa sannvirði fyrir hraðfrystan fisk frá byrjun,“ en tillagan var felld með 8 atkvæðum gegn 3.

Til stuðnings varatillögu sinni um sýknu heldur stefndi því fram, að ef rétturinn liti svo á, að það sé rétt hjá sækjanda, að hann hafi lagt afurðir þær, sem mál þetta er risið út af, inn hjá K. Þ. til sölumeðferðar í umboðssölu, þá beri samt sem áður að sýkna sig sökum þess, að hinum samansafnaða arði af sölu þessara af- urða hafi með löglegri félagssamþykkt á aðalfundi kaupfélagsins 1941 verið ráðstafað til þess að mynda tvo tryggingarsjóði, hvorn að upphæð 20 þúsund krónur, til þess að mæta töpum, sem kunna að verða af sölu umræddra afurða hjá félaginu í framtíðinni. Tryggingarsjóðir þessir eru færðir á rekstrarreikningi K. Þ. 1940 og stofnaðir samkvæmt skýlausum tilmælum fiskinnleggjenda sjálfra eingöngu til gagns fyrir frystihúsreksturinn og sildarverzl-

unina. Tillaga hafi að visu komið fram frá fundarmanni á nefndum aðalfundi um að skipta upp í reikninga viðkomandi félagsmanna, er lagt hafi inn fisk í hraðfrystinguna frá byrjun þessarar starfsemi til ársloka 1940, þeim arði eða sérstaka sjóði, sem þannig hefur myndast, en þessi tillaga hafi verið felld með samhljóða atkvæðum fulltrúa, einnig þeirra, sem mættu fyrir deildirnar í Húsavík.

Gegn sýknukröfum stefnda hefur sækjandi tekið sérstaklega fram út af aðalkröfunni, að það sé með öllu rangt, að leitað hafi verið álits félagsmanna um það, hvort þeir vildu bera persónulega áhættuna af hinni nýju frystihússtarfsemi eða ekki. Þetta hefði stjórn K. Þ. átt að gera, en látið það algerlega undir höfuð leggjast, og sama sé að segja um þá staðhæfingu stefnda, að erfitt hafi verið að fá útgerðarmenn til að salta sild í Húsavík, nema þeim væri tryggt það verð, sem þá var greitt fyrir hrásild. Um þetta hafi Kaupfélag Þingeyinga engar eftirgrennsanir gert, og ekkert hafi komið fram í máli þessu, sem sýni, að stjórn K. Þ. hafi gert nokkrar samþykktir, ráðstafanir eða samninga við félagsmenn sína um að kaupa fisk til hraðfrystingar eða sild til söltunar föstu verði árin 1937—1940.

Í lögum um samvinnufélög frá 13. júní 1937, sérstaklega í 3. gr. laganna, séu talin upp ýmis aðaleinkenni á skipulagi samvinnufélaga í þeim tilgangi að binda þau við ákveðnar starfsaðferðir og með 4. tölulið nefndar greinar sé lögfest eitt aðaleinkenni samvinnufélaganna sem sé, að þau greiði ekki fast verð fyrir afurðir meðlima sinna, heldur sé endanlegt verð þá fyrst greitt, er afurðirnar hafa verið seldar og vitað, hvað fyrir þær hefur fengist. Þessa meginreglu hafi K. Þ. tekið upp í samþykktir sínar, sbr. 23. gr. samþykktanna, og þetta sé orðin svo föst venja í viðskiptum K. Þ. við félagsmenn, að út af henni megi ekki bregða, nema sérstaklega sé um samið við þá eða fulltrúaráð félagsins setji um það sérstakar reglur eða samþykktir, sem gerðar séu félagsmönnum kunnar. Það geti ekki talizt hliðstætt, að K. Þ. kaupi í daglegum viðskiptum smáafurðir eða aukaframleiðslu, sem engin eða lítil áhætta stafi af að taka föstu verði hjá félagsmönnum, við það að taka sjávarafurðir, sem fisk og sild, föstu verði, þar sem oltið geti á tugum og jafnvel hundruðum þúsunda króna. Þá verði það með engu móti talið upplýst í máli þessu, að það hafi verið á almannavitorði eða „notorískt“, að K. Þ. tæki fisk til hraðfrystingar og sild til söltunar hin umgetnu ár. Þvert á móti sýni framlögð vottorð sjómanna og útgerðarmanna á Húsavík í máli þessu, svo og vitnaleiðslur þær, sem fram hafa farið í sambandi við vottorðin, að skoðanir manna hafa verið mjög á reiki um það í Húsavík, með hvaða kjörum K. Þ. tók fisk til hraðfrystingar og sild til söltunar, þó mikill meiri hluti þeirra félagsmanna, sem hagsmunar

höfðu að gæta í sambandi við vörur þessar, hafi verið þeirrar skoðunar, að fiskurinn og sildin væru ekki keypt föstu verði.

Á vottorðum kaupfélaga ýmissa, sem fram hafa verið lögð í máli þessu, sé ekkert mark takandi, þar sem félögin séu öll eða flest undir sömu syndina seld, eins og stefndi í máli þessu, og því raunverulega að gefa vottorð í sjálfs sín sök.

Staðirnir, þar sem auglýsingarnar hafi verið festar upp, sé engan veginn á almannafæri, og flestir þeir sjómenn og útgerðarmenn, sem rekið hafi í þær augun, hafi litið á hið tilgreinda verð Fiskimálanefndar sem gildandi fyrir utanfélagsmenn, en aðeins sem reikningsverð til félagsmanna, sem síðar yrði bætt upp, og beri vitnaleiðslurnar í máli þessu ljósan vott um þessa skoðun.

Gegn varakröfu stefnda um sýknu er því af hálfu sækjanda haldið fram, að eins og samþykktir þær, sem gerðar hafi verið á framangreindum nefndarfundi hinn 6. febr. 1941, hafi ekki verið bindandi fyrir sig, og hann á fundinum tekið fram, að yrði K. Þ. ekki við til-mælum sínum eða tillögu um greiðslu uppbótar á fiski og sild 1937—1940, myndi hann leita réttar síns með málssókn, eins séu samþykktir fulltrúaráðs K. Þ. ekki bindandi fyrir sig og geti ekki svipt sig uppbótargreiðslum þeim, sem stefnt er út af í máli þessu. Félagið gæti ekki svipt einstaka félagsmenn eignum sínum, eins og hér hafi verið gert, jafnvel ekki með sérstökum sjóðsstofnunum.

Út af staðhæfingu sækjanda um, að hann sé óbundinn af því, sem samþykkt var á nefndarfundi 6. febr. 1941, tekur stefndi sérstaklega fram, að enginn slíkur fyrirvari sé bókaður á fundinum af hálfu sækjanda, né um það, að hann hafi áskilið sér rétt til að lög-sækja stefnda til greiðslu á verðuppbót þeirri, sem stefnt er út af í máli þessu. Tillaga sækjanda um úthlutun arðsins af hraðfrysti-starfseminni árin 1937—1940 var felld, en í staðinn samþykkt varatillaga þess efnis, að leggja fenginn arð í sérstakan varasjóð, „er hafður sé til þess að mæta verðfalli hraðfrysts fisks, þegar aftur kreppir að.“ Eins og sækjandi sé bundinn við samþykkt þessa fundar, eins sé hann sem félagsmaður í Kaupfélagi Þingey-inga ekki síður, heldur miklu fremur bundinn við samþykktir að-alfundar K. Þ. 1941, þar sem ágóðanum af hraðfrystirekstrinum og sildarsölunni var með samhljóða atkvæðum fulltrúa ráðstafað eftir óskum útgerðarmanna og sjómanna til stofnunar tryggingarsjóða þeirra tveggja, sem teknir voru upp á rekstrarreikningi K. Þ. 1940, en um sjóðstofnanirnar voru fundarmenn einhuga.

Þegar kveða skal upp dóm í máli því, sem hér liggur fyrir, virðist fyrst og fremst þurfa að skera úr tveimur spurningum, sem sérstaklega snerta *aðal-sýknukröfu stefnda*.

Var Kaupfélagi Þingeyina heimilt að kaupa fisk þann til hrað-frystingar og sild þá til söltunar, sem mál þetta er út af risið, föstu verði hjá félagsmönnum?

Var það á almannavitorði eða „notorískt“ í Húsavíkurkaupþúni og þá einkum meðal sjómanna og útgerðarmanna, að K. Þ. keypti fisk til hraðfystingar og sild til söltunar einungis gegn föstu verði 1937—1940 af félagsmönnum jafnt og af utanfélagsmönnum?

Kaupfélag Þingeyinga er með elztu samvinnufélögunum hér á landi, og taka því lög um samvinnufélög frá 13. júní 1937 sérstaklega til þess svo og samþykktir félagsins, prentaðar 1939.

Samkvæmt nefndri löggjöf er *markmið* samvinnufélaga „að efla hagsæld félagsmanna í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í félagsstarfinu,“ *verksvið* þeirra: 1. Að kaupa vörur til heimilisþarfa handa félagsmönnum o. s. frv., 2. að selja afurðir af búum félagsmanna eða vörur, er þeir framleiða sjálfir með eigin atvinnurekstri o. s. frv., en í 3. gr. laganna eru talin *aðaleinkenni á skiplagi samvinnufélaga*, og þykir þá sérstaklega hlýða að taka hér upp 4. tölu-lið nefndrar greinar, sem er svo hljóðandi: „Tekjuafgangi í ársreikningi félagsins, er stafar af því, sem útsöluverð á keyptum vörum félagsmanna hefur verið ofan við kostnaðarverð, *ellegar útborgað verð fyrir seldar vörur þeirra hefur reynzt neðan við fullnaðarverð, skal úthlutað eftir viðskiptamagni hvers um sig.*“ Þetta lagafyrirmæli, sbr. sérstaklega orðið „skal“ um úthlutun arðs eða uppbótar, að lokinni sölu vörunnar, til framleiðanda, er svo tekið orðrétt upp í samþykktum Kaupfélags Þingeyinga, en þau frávík eru gerð í 24. gr. samþykktanna og þau ein, að „nánari fyrirmæli um verðlagningu á vörum og úthlutun á tekjuafgangi getur fulltrúaráðið sett með *reglugerð*, er félagsstjórnin semur og fulltrúaráð samþykkir.“

Því er haldið fram af stefnda eða umbjóðanda hans, að hraðfrystingin á fiski til útflutnings hafi verið nýbreytni í félaginu, „og voru því félagsmenn tregir til að bera persónulega áhættuna við þessa tilraun,“ og enn fremur sagt: „Var því ákveðið, að félagið keypti fiskinn með föstu fyrirfram ákveðnu verði.“ Fyrir því, að þessar staðhæfingar séu réttar, liggur engin upplýsing í máli þessu, og virðist þó hafa verið innan handar og sjálfsagt af stjórnendum K. Þ. að ræða einmitt þessi atriði með sjómönnum í félaginu og fá úr þeim glöggst skorið ellegar láta fulltrúaráðið staðfesta jafn gagngerða fyrirkomulagsbreytingu sem þá, að kaupa fisk og sild föstu fyrirfram ákveðnu verði, er kemur í bága við lög og fastar reglur í verzlun með aðalafurðir félagsmanna. Sama er að segja um kaupin á sild til söltunar af félagsmönnum 1939. Ekkert er það í máli þessu af hálfu Kaupfélags Þingeyinga, sem upplýsir, að um fast verð hafi sérstaklega verið samið við félagsmenn eða það auglýst. Það breytir engu í þessu sambandi, að upplýst er og kunnugt, að Kaupfélag Þingeyinga hefur tekið með föstu verði ýmsa minni háttar aukaframleiðslu félagsmanna. Slík starfsemi, sem er með öllu áhættulaus fyrir félagsheildina, verður

að teljast sprottin af kröfum hins daglega viðskiptalífs og því sem þegjandi samkomulag milli félagsins og félagsmanna. Hitt mun ekki sjást, að samvinnufélög hafi tekið eða taki aðalframleiðsluvörur bænda svo sem kjöt ull, gærur með föstu fyrirfram ákveðnu verði, en einmitt slíkar vörur eru hliðstæðar fiski og sild, þegar um sölu þeirra er að ræða og til þeirra kasta kemur að gera endanlega upp sannvirði þeirra, en það er einmitt hið svonefnda sannvirði, sem félagsmenn eiga rétt á að fá að lokum.

Af orðalagi auglýsinga þeirra, sem festar voru upp með verði á fiski, keyptum til hraðfrystingar 1937—40, verður ekkert sérstaklega ráðið um það, hvort beri að skilja þær svo, að hið tiltekna verð sé einnig fast fyrir félagsmenn.

Það er upplýst, að verð fiskimálanefndar er á þeim lagt til grundvallar, en það er ekkert í orðalagi þeirra, sem gefur til kynna þá miklu nýbreytni fyrir félagsmenn, sem stefndi vill halda fram, að þær hafi boðað, að einnig fyrir þá hafi samkvæmt auglýsingunum aðeins um fast verð verið að ræða.

Að visu segir í þeim „kaupir“, en merking þessa sagnorðs er í daglegu tali svo viðtæk, að það út af fyrir sig er ekki nægileg aðvörðun eða auglýsing til félagsmanna um fastbundið verð.

Þegar svo athugað eru vottorð þau og vitnaleiðslur þær, sem fram hafa farið um það, hvort félagsmenn hafi litið á hið auglýsta verð sem fast fyrir þá, kemur í ljós, að um þetta atriði eru vottorðsgefendur og vitnin mjög á reiki og ósamhljóða. Fjórtán vottorðsgefendur segja, að þeim hafi verið vel kunnugt, að kaupfélagið tók fiskinn til hraðfrystingar aðeins gegn föstu fyrirfram ákveðnu verði, en fjörutíu vottorðsgefendur segja hið gagnstæða, og þegar athugaðir eru framburðir vitna, kemur það fram hjá meira hlutanum, að þeir hafa skilið auglýsingarnar svo, þeir sem á annað borð sáu þær og veittu þeim eftirtekt, að hið auglýsta verð hafi gagnvart félagsmönnum aðeins verið venjulegt reikningsverð, sem siðar yrði bætt upp, ef til kæmi, að hraðfrystingin bæri sig. Láta sum vitnin í ljósi, að þau hafi við nánari athugun litið svo á, að K. Þ. væri ekki heimilt að setja félagsmönnum fast verð. Þá er það upplýst, að óánægja hefur risið meðal sjómanna út af því, að stjórn K. Þ. og framkvæmdarstjóri *hafi ætlað* að hafa verðið fastbundið einnig gegn félagsmönnum, og er í því sambandi eftirtektarverður framburður vitnisins Hallmars Helgasonar. Segist vitnið hafa orðið vart við óánægju félagsmanna út af því, að kaupfélagið *ætlaði að setja fast verð* á frystan fisk og saltaða sild þegar árið 1939, við meiri óánægju 1940, en við hana mesta í janúar 1941, og „þá mætti kaupfélagsstjórnin á fundi í deildum til að ræða þessi mál eftir óskum félagsmanna.“

Verður af þessu séð, að hvorki hafa sjómenn á Húsvík, sem voru félagsmenn í K. Þ., almennt litið á hið auglýsta verð sem

„notorískt“ fastbundið verð fyrir þá né talið kaupfélaginu heimilt að skammta þeim fast verð.

Þá ber og réttarskjal nr. 26 í máli þessu, sem er útdráttur úr fundargerð félagsstjórnar K. Þ. 10. apríl 1940, það með sér, að á stjórnarfundinum er tekin ákvörðun um, að eftirstöðvum þeim, sem yfirfærðar eru á sildar kaupareikningi félagsins, skuli hvorki verja til uppbótar á verði innlagðrar sildar ársins 1939 né til almennrar eyðslu á rekstursreikningi félagsins, heldur leggja þær í sérstakan sjóð. Virðist þetta óbein játning stjórnarinnar á því, að ekki var annað með þenna gróða að gera en annað hvort að skila honum sem uppbótum til þeirra félagsmanna, sem lögðu inn sild 1939, ellegar fá samþykki til þess, að stofna með honum sérstakan tryggingarsjóð, „sem hafi það hlutverk að bera töp, ef verða kunna á slíkum viðskiptum eftirleiðis.“

Og þegar svo golubyturinn 1939 út af fasta verðinu til félagsmanna á fiski, innlögðum til hraðfrystingar, verður að hvassviðri 1940 og að stormi 1941, þá er líka slegið undan og horfið til nýrrar sjóðstofnunar, í stað þess að úthluta sjómönnum uppbót.

Í sambandi við það, sem hér að framan er sagt, skal svo að siðustu fram tekið, að gegn eindreginni neitun sækjanda á því, að sér hafi verið kunnugt um hið fastbundna verð á fiski til hraðfrystingar og sild til söltunar af hálfu K. Þ. eða stefnda árin 1937—1940, verður hið gagnstæða ekki talið sannað í máli þessu.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rökstutt, verður í máli þessu ekki hægt að taka til greina aðalkröfu stefnda um sýknu, og skal þá horfið að *varakröfu* stefnda fyrir sýknu.

Eins og þegar er fram tekið, tók félagsstjórn K. Þ. hinn 10. apríl 1940 þá ákvörðun að stofna sérstakan tryggingarsjóð með hagnaði þeim eða eftirstöðvum, sem urðu af verzlun félagsins með saltaða sild 1939, og var á þessa sjóðstofnun fallt bæði af sjómönnum og útgerðarmönnum, og má í því sambandi vísa til réttarskjals nr. 19 í máli þessu svo og til fulltrúafundar 1941, sem staðfesti sjóðstofnunina, eins og hún var tekin upp á rekstrarreikningi K. Þ. 1940.

Þá er upplýst í máli þessu, að á fundi þeim, sem haldinn var í Húsavík 6. febr. 1941 af nefndum úr öllum deildum K. Þ. í Húsavík ásamt nefndum úr Fiskifélagsdeild og Verkamannafélagi Húsavíkur, var tillaga sækjanda um, að K. Þ. greiddi uppbætur á hraðfrystan fisk frá byrjun starfseminnar, felld, en samþykkt að verja arði hraðfrystingarstarfseminnar 1937—1939 til endurbóta á frystihúsi K. Þ. og enn fremur samþykkt „að gera kröfu til þess, að arður síðastliðins árs (1940) verði látinn ganga til hlutaðeigandi félagsmanna sem verðuppbót. Geti stjórn K. Þ. ekki orðið við kröfu fundarins, skorar hann á stjórn K. Þ. að leggja fenginn arð í sér-

stakan varasjóð, er hafður sé til þess að mæta verðfalli hraðfrysts fíks, þegar aftur kreppir að.“

Hinn 4. apríl 1941 mætti sjö manna nefnd frá sjómönnum í Húsavík til þess að ræða við félagsstjórn K. Þ. um sjávarútvegsmál, og var sækjandi í máli þessu einn þessara nefndarmanna.

Báru sjómenn þar upp tvær óskir eða tilmæli, og var önnur sú, að K. Þ. tæki framvegis fisk félagsmanna til hraðfrystingar í umboðssölu, og taldi félagsstjórnin sjálsagt að verða við henni, þar sem hún væri í samræmi við aðalreglur félagsins, en hin óskin var á þá leið, að K. Þ. greiddi félagsmönnum arð hraðfrystingarinnar fyrir 1940 í verðuppbætur. Við þeirri málaleitun taldi stjórnin sig ekki geta orðið, en vildi hins vegar verða við þeirri varakröfu sjómanna, að leggja arðinn af rekstrinum í varasjóð fyrir hraðfrystingu og sildfrystingu félagsins.

Ekki verður annað séð en að fundir þeir, sem hér eru nefndir, hafi farið vel fram og ágreiningslaust, og var sækjandi einn fundarmanna og þá um leið í tölu flutningsmanna þeirra, sem reifuðu hraðfrystihúsmálið við stjórn kaupfélagsins.

Það virðist einmitt hafa verið niðurstöður þessara tveggja funda svo og niðurstaða stjórnarnefndarfundarins 10. apríl 1940, um stofnun tryggingarsjóða þeirra tveggja, sem fram kom á rekstrarreikningi K. Þ. f. 1940, sem lágu fyrir aðalfundi eða fulltrúaráðsfundi Kaupfélags Þingeyinga 1941 og fundurinn samþykkti einróma, án þess að fulltrúar deilda í Húsavíkurhreppi gerðu þar nokkurn ágreining.

Tryggingarsjóðir þessir virðast því stofnaðir samkvæmt skýlausum tilmælum sjómanna og útgerðarmanna sjálfra og, eftir því sem séð verður, eingöngu til hagsbóta fyrir hraðfrystihúsreksturinn og sildarverzlunina, og þar sem löglegur fulltrúaráðsfundur samþykkti sjóðstofnanirnar einróma, en hann hefur æðsta vald í málefnum félagsins með þeim hætti, sem lög og samþykktir þess ákveða, en samkvæmt þeim virðist heimilt að stofna sjóði sem þá, er hér um ræðir, sbr. c-lið 2. gr. samþykktu K. Þ., verður að telja gerðir aðalfundar K. Þ. 1941 bindandi einnig fyrir sækjanda þessa máls sem félagsmann í Kaupfélagi Þingeyinga með sérstöku tililiti til þess, að hann með framkomu sinni á framannefndum fundum virðist hafa fallið frá rétti sínum til þess að gera frekari kröfu gegn stefnda, Kaupfélagi Þingeyinga, en samkvæmt því, sem nú er sagt, verður ekki hjá því komizt að taka varakröfu stefnda um sýknu til greina og samkvæmt henni að sýkna stefnda, þ. e. framkvæmdarstjóra K. Þ., Þórhall Sigtryggsson, ásamt stjórnarnefndarmönnum, þeim Birni Sigtryggssyni, Bjartmari Guðmundssyni, Baldri Baldvinssyni, Páli Jónssyni og Karli Kristjánssyni, f. h. Kaupfélags Þingeyinga af kröfum og kærnum stefnanda, Ásgeirs

Kristjánssonar, í máli þessu. Til þess að sekta málsaðilja fyrir gagnkvæm móðgandi ummæli finnst ekki nægileg ástæða. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Mál þetta hefur verið rekið skriflega samkvæmt síðustu málsgrein 109. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Þá þykir og rétt að geta þess, að frest þann, sem varð á rekstri málsins, meðan héraðsdómari lá veikur í vetur, sem leið, notuðu málsaðiljar samkvæmt 110. gr. nefndra laga til þess að skiptast á skjölum í málinu og flýta fyrir úrslitum.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu dóms þessa, stafar aðallega af veikindum dómarans og veikindum bæði á heimili hans og fulltrúa hans svo og af óvenju miklum embættisönnum.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, framkvæmdastjóri K. Þ., Þórhallur Sigtryggsson, svo og stjórnarnefndarmenn K. Þ., þeir Björn Sigtryggsson, Bjartmar Guðmundsson, Baldur Baldvinsson, Páll Jónsson og Karl Kristjánsson, allir f. h. Kaupfélags Þingeyinga, Húsavík, skulu vera sýknir af kröfum stefnandans, Ásgeirs Kristjánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 14. október 1946.

Nr. 26/1945. **Dánarbú Ásgríms Sigfússonar, Ásgeir Stefáns-son og Þórarinn Egilson**

(Hrl. Lárus Fjeldsted)
gegn

H/f Sviða (Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Gunnar Thoroddsen og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skýring og fylling samnings.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. febr. 1945. Krefjast þeir aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.